

620. fundur haldinn mánudaginn 10. apríl 2000 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Haukur Birgisson, markaðsstjóri

1. Fundargerð 619. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Erindi Alþingis

Óskað var umsagnar um frumvarp til laga um markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Afgreiðsla: Samþykkt frumvarpsins mun að mati Ferðamálaráðs hafa jákvæð áhrif hvað varðar ferðaþjónustu.

Óskað var umsagnar um þingsályktunartillögu um reglur um sölu áfengis, 149. mál.

Afgreiðsla: Ferðamálaráð lítur svo á að verðlagning áfengis hafi áhrif á umfang í ferðaþjónustu og styður að það verði tekið til athugunar. Að öðru leyti tekur Ferðamálaráð ekki afstöðu til tillögunnar.

3. Samningar um rekstur upplýsingamiðstöðva.

Pétur Rafnsson lagði fram tillögu um skiptingu fjármagns til upplýsingamiðlunar á landsbyggðinni.

Afgreiðsla: Að loknum nokkrum umræðum var eftirfarandi samþykkt:

Á árinu 2000 verði gerðir samningar við heimamenn um rekstur upplýsingamiðstöðva á eftirtöldum stöðum;

Borgarnes með framlagi kr. 1.250.000
Ísafirði með framlagi kr. 1.250.000
Akureyri með framlagi kr. 2.500.000
Egilsstaðir með framlagi kr. 1.250.000
Hornafjörður með framlagi kr. 500.000
Selfoss með framlagi kr. 1.250.000
Leifsstöð neð framlagi kr. 3.000.000

4. Framhald kannanna Ferðamálaráðs

Afgreiðsla: Frestað

5. Erindi Háskóla Íslands.

Óskað var eftir að Ferðamálaráð greiddi fyrir áskriftir að ritum um ferðamál sem Háskólinn óskar að gerast ákrifandi að vegna kennslu í ferðamálum.

Afgreiðsla: Erindinu hafnað.

6. Önnur mál

a) Tilnefning í stjórn Upplýsingamiðstöðvar ferðamála

Afgreiðsla: Jón Kristjánsson aðalmaður og Þórunn Gestsdóttir varamaður.

b) Helgi Pétursson óskaði eftir að unnið yrði að lista yfir vefsíður tengdar ferðamálum á Íslandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:45